

*24. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna  
í Reykjavík 14. - 15. nóvember 2003*

---

**Ályktun**

24. þing LÍV mótmælir harðlega þeim fyrirhugaða niðurskurði á séreignasparnaði launafólks sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004. Þá lýsir þingið stuðningi við baráttu ASÍ til jöfnunar lífeyrisréttinda launafólks í starfi hjá hinu opinbera.

Jafnframt er það krafa þingsins að þegar verði hafin vinna við að samræma lífeyriskerfi landsmanna hvort sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða ekki. Það er ólíðandi að launafólk á almennum vinnumarkaði þurfi eitt að bera ábyrgð á sínum lífeyri meðan lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna eru með ríkisábyrgð og geta varpað ábyrgðinni yfir á aðra skattgreiðendur.